

Hrunamannahreppur  
bt Skipulagsfulltrúi uppsveita Ánessýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 10. september 2017  
UST201708-159/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi frístundahúsalóðar í landi Jaðars I í Hrunamannahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa er barst 24. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundalóðar í landi Jaðars í Hrunamannahreppi.

**Náttúruminjar**


Í greinargerð kemur fram að Jaðar 1 á land að Hvítá og Gullfossi. Umhverfisstofnun bendir á að áætlað deiliskipulag liggar nærrí mikilvægum náttúruminjasvæðum. Gullfoss og umhverfi var lýst friðland með auglýsingi í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Stærð 154,9 ha. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að austurbakki Hvítárgljúfurs er á náttúruminjaskrá en í skránni segir: Austurbakki Hvítárgljúfurs, Hrunamannahreppi, Ánessýslu. (1) Bakkinn, ásamt um 1 km breiðri spildu austan hans, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell. (2) Fjölbreytt landslag.

**Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að áætluð frístundalóð muni liggja 1,5 km frá fossinum og sé að mestu í hvarfi frá honum. Einnig kemur fram að ofangreind lóð er alls 3,2 ha. Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að framkvæmdum sé hagað þannig að ekki komi til neikvæðra áhrifa á ásýnd að fossi. Að mati Umhverfisstofnunar ætti fjarlægðin 1,5 km að vera nægileg þannig að ekki sé hætta á áhrifum á fossinn af framkvæmdunum, enda er áætlað skipulagssvæði utan náttúruminjanna. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir á lóðinni verði felldar að umhverfinu.

**Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur